



Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 10. júlí 2015

Tilvísun: 201506057 / 5.1

Efni: Vatnsaflsvirkjun við Þverá í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ - beiðni um umsögn

AB Fasteignir hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 9. júlí 2015, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Ísafjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 29. júlí 2015 og einnig á tölvupóstfang: jakob@skipulagsstofnun.is og egill@skipulagsstofnun.is.


Jakob Gunnarsson

Umsagnaraðilar: Ísafjarðarbær, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands